

L Ö G

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnáðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi, má þó veita mönnum, sem stundað hafa verkfræðistörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög þessi tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. málsg. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. málsg. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnáðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi, má þó veita mönnum, sem stundað hafa húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög þessi tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. málsg. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. málsg. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig iðnfræðinga eða til að kenna sig við sériðngrein sína, t. d. kalla sig vélfræðing eða raffræðing eða öðru slíku heiti, sem dregið er af sériðn manna og myndað með sama hætti, hafa þeir einir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnáðarprófi við tekniskan framhaldsskóla í þeirri iðngrein, er hann vill kenna sig við,

enda sé skólinn viðurkenndur sem fullgildur skóli í þeirri grein af stéttarfélagi 24
iðnfræðinga þeirrar greinar hér á landi, ef til er, en ef það félag er ekki til, þá af 13. júní
Verkfræðingafélagi Íslands.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í þessari gr., eiga rétt
á, að þeim sé veitt leyfið samkvæmt 5. gr.

7. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess
að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 100 til 1000 krónum. Sektirnar renna
í ríkissjóð.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

LÖG

um breyting á I. kafla jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936.

25

13. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með
samþykki Voru.

1. gr.

Síðari málsgrein 2. greinar laganna falli niður.

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðar-
málastjóri, með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna, undir umsjón stjórnar félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um, hvernig skilja beri lög og
reglugerðir um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágrein-
ingnum til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

3. gr.

Í fyrstu málsgrein 4. greinar laganna falli úr orðið „búnaðarmálastjóra“, en í
staðinn komi: stjórn Búnaðarfélags Íslands.